Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Kópavogi, 25. janúar 2026

Ásdís Kristjánsdóttir, bæjarstjóri Kópavogs

Kæra Ásdís Kristjánsdóttir,

Skákdeild Breiðabliks hyggst halda Alþjóðlega Kópavogsmótið 2026 – Ungir Meistarar, dagana 10.–19. mars 2026. Mótið er ætlað efnilegum íslenskum skákmönnum á aldrinum 16–30 ára og gefur þeim tækifæri til að ná áföngum að alþjóðlegum meistara- og stórmeistaratitlum. Stefnt er að því að mótið verði haldið á tveggja ára fresti.

Við óskum eftir styrk frá Kópavogsbæ að fjárhæð einni milljón króna til að standa undir hluta kostnaðar. Heildarkostnaður er áætlaður um 3 milljónir króna, m.a. vegna gistingar, uppihalds og komuþóknana erlendra stórmeistara, verðlauna, dómgæslu og annarra verkefna tengdum mótinu.

Kópavogur á nokkra af efnilegustu skákmönnum landsins og vonum við að þetta framtak muni styrkja möguleika þeirra til að eflast og dafna sem skákmenn.

Helstu upplýsingar:

- 10 manna lokað boðsmót, allir við alla
- 6 íslenskir keppendur (16–30 ára) og 4 erlendir stórmeistarar
- Keppnisstaður: Glersalur, 3. hæð í Stúkunni við Kópavogsvöll
- Tímamörk: 90 mín + 30 sek, 30 mín eftir 40 leiki
- Allar skákir í beinni útsendingu

Dagskrá:

- 10. mars – 14:30: Setning og 1. umferð
- 11.–13. mars – 15:00: 2.–4. umferð
- 14. mars – Hvíldardagur
- 15.–19. mars – 15:00: 5.–9. umferð
- 19. mars – 20:00: Lokaathöfn

Nánari upplýsingar má finna á: www.kopavogurinternational.is (síðan er í vinnslu)

Við vonum að Kópavogsbær sjái sér fært að styðja þetta mikilvæga framtak sem styrkir skákíþróttina, eflir unga skákmenn og bætir menningar- og íþróttalíf bæjarins.

Virðingarfyllst,

F.h. Skákdeildar Breiðabliks
Kjartan Briem